

Múlaping

Málefнасamningur B og D lista

Kjörtímabilið 2026 - 2030

27. maí 2026

Málefнасamningur D- og B- lista í Múlaþingi 2026 - 2030

D- listi Sjálfstæðisflokks og B- listi Framsóknarflokks í Múlaþingi á Austurlandi staðfesta að listarnir mynda saman meirihluta í Múlaþingi, kjörtímabilið 2026 – 2030. Listarnir sameinast um að koma stefnuskrám sínum í framkvæmd eins og þær voru kynntar kjósendum og samkvæmt því samkomulagi sem hér fer á eftir.

Áherslumál eru eftirfarandi:

Fjölskyldu-, íþrótt- og menntamál

- Við viljum byggja upp fjölskylduvænt samfélag þar sem öll börn og fjölskyldur fá tækifæri til þátttöku, menntunar og heilbrigðs tómstundastarfs óháð búsetu eða bakgrunni. Lögð er áhersla á að íþrótt- og tómstundastarf sé sameinandi vettvangur fyrir öll börn og að aðgengi sé eins og kostur er. Áfram verði unnið að því að bæta aðgengi fatlaðra barna að íþrótt- og tómstundastarfi.
- Frístundastyrkur verður hækkaður um að lágmarki. 10.000 krónur á kjörtímabilinu í áföngum og áfram unnið að verkefninu „Allir með“ í samstarfi við íþróttafélög. Sérstakur stuðningur verður veittur börnum sem búa langt frá skipulögðu starfi.
- Áfram verður unnið að heildstæðri uppbyggingu íþróttamannvirkja og auknum stuðningi við íþróttafélög í góðu samstarfi við hagsmunaaðila. Staða framkvæmdastjóra Hattar og Neista verður fest í sessi og samningar um íþróttamál endurskoðaðir með það að markmiði að fjármagn nýtist sem best. Unnið verður að eflingu íþróttastarfs á Seyðisfirði í samstarfi við Íþróttafélagið Huginn.
- Lögð er áhersla á öflugt menntakerfi á öllum skólastigum með stöðugleika, fagleg vinnubrögð og velferð barna að leiðarljósi. Börnum verður áfram tryggt leikskólaláss frá 12 mánaða aldri og unnið að lausnum sem mæta bæði þörfum barna og starfsfólks. Kláruð verður endurskoðun á starfsumhverfi leikskóla í samfélagslegri sátt og með sveigjanleika að markmiði. Kanna þarf möguleika á því að aðlaga 12 mánaða börn inn á leikskóla ársfjórðungslega og endurskoða fyrirkomulag sumarlokunar leikskóla.
- Kannaður verði möguleiki á því að samræma skóladagatöl innan sveitarfélagsins og unnið verði betur að samþættingu skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs til að bæta aðgengi barna, sérstaklega úr dreifbýli. Horft verði til þess að styðja við skólaval nemenda og jafnframt verði farið í skoðun á skilgreiningu skólahverfa.
- Lögð verður áhersla á eflingu þjónustu við eldra fólk með verkefnum sem stuðla að bættri vellíðan og virkni á efri árum og festa í sessi starf ráðgjafa í málefnum eldra fólks.
- Gerð verði greining á stöðu eldra fólks í sveitarfélaginu í samstarfi við HSA með því markmiði að ná utan um málaflokkinn.

Umhverfis-, skipulags- og húsnæðismál

- Við viljum að skipulag sveitarfélagsins sé unnið í nánú samráði við íbúa með það að markmiði að efla lífsgæði, skapa aðlaðandi umhverfi og styðja við öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Unnið verður markvisst að skipulagsmálum um allt sveitarfélagið, meðal annars með því að klára deiliskipulag á suðursvæði Egilsstaða og deiliskipulag fyrir miðbæ Djúpavogs. Endurskoðun verður gerð á athafna- og iðnaðarsvæðum við Miðás og Brúnás á Egilsstöðum með það að markmiði að fjölga lóðum, auk þess sem möguleg landkaup til framtíðaruppbyggingar verða skoðuð. Tryggt verður að ávallt séu til staðar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðar-, atvinnu- og þjónustustarfsemi í öllum byggðarkjörnum sveitarfélags.
- Áfram verða skoðaðir möguleikar á samstarfi við Bríeti og Brák varðandi uppbyggingu húsnæðis um allt sveitarfélagið.
- Lögð verður áhersla á áframhaldandi uppbyggingu og endurbætur á húsnæði sveitarfélagsins.
- Haldið verður áfram markvissri uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðstíga, auk þess sem unnið verður að bættu aðgengi fyrir gangandi og hjólandi með skýrri forgangsröðun í aðgengismálum. Sveitarfélagið skal vera fyrirmynd í umhirðu, ásýnd og umgengni og áfram verður unnið að verkefnum sem fegra og bæta nærumhverfið.
- Unnið verður að þróun á sorphirðu með því markmiði að mæta þjónustupörf íbúa.
- Áhersla verður lögð á áframhaldandi uppbyggingu hafnarmannvirkja, þar á meðal lengingu Strandabakka á Seyðisfirði ásamt breytingum á smábátahöfn og uppbyggingu hafnaraðstöðu á Djúpavogi.
- Lögð er áhersla á mikilvægi áframhaldandi jarðhitaleitar í öllu sveitarfélaginu til að styrkja innviði og orkuöryggi sveitarfélagsins til framtíðar.
- Unnin verður forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja í samráði við íþróttafélög innan sveitarfélagsins.
- Áfram verði sett skilgreint framkvæmdafé til smærri samfélagsverkefna sem heimastjórnir hafa umsjón með.
- Stofnað verður hafnarráð Múlaþings og hlutverk heimastjórna gert skýrara í hafnarmálum og þeim gefið meira vægi til umsagna.

Stjórnsýsla, rekstur, atvinnu- og menningarmál

Fjármál og stjórnsýsla

- Við leggjum áherslu á ábyrga fjármálastjórn, gagnsæja stjórnsýslu og hagkvæman rekstur sem þjónar íbúum sveitarfélagsins. Markmiðið er að einfalda stjórnsýslu, bæta þjónustu og nýta fjármuni sveitarfélagsins með skilvirkari hætti.
- Unnið skal markvisst að því að lækka skuldir sveitarfélagsins og áframhaldandi lækkun fasteignagjalda. Sérstök áhersla verður lögð á lækkun fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði á kjörtímabilinu í áföngum.
- Jafnframt verður ráðist í heildstæða greiningu á rekstri sveitarfélagsins með það að markmiði að auka hagkvæmni, bæta nýtingu fjármuna og tryggja betri yfirsýn rekstursins. Innleidd verða ný stafræn kerfi og gervigreind til að styðja við gagnsæi, skilvirkni og bætta þjónustu við íbúa.
- Farið verður í endurskoðun á fjölda fulltrúa í ráðum, nefndum og sveitarstjórn með því markmiði að einfalda stjórnsýslu og styrkja skilvirkni í ákvarðanatöku.
- Leitast verði við að tryggja virkt samráð innan stjórnsýslunnar við ungmennaráð, öldungaráð og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks sem megin samráðsvettvang sveitarstjórnar við viðkomandi hópa í samfélaginu.
- Þá verður unnið að því að efla samfélagslega þátttöku allra íbúa með stofnun innflytjendaráðs sem hafi það hlutverk að bæta samskipti milli íbúa og sveitarfélags, stuðla að jafnræði og tryggja betri þjónustu fyrir alla.

Atvinnumál

- Við viljum byggja upp kraftmikið og fjölbreytt atvinnulíf þar sem tækifæri eru nýtt til fulls og sveitarfélagið sé eftirsóknarverður staður fyrir fólk og fyrirtæki. Áhersla verður lögð á mótun atvinnustefnu og aukið samtal við atvinnurekendur og fjárfesta.
- Sveitarfélagið mun styðja áfram við fjölbreytta atvinnustarfsemi í dreifbýli, þar á meðal landbúnað, ferðaþjónustu, skógrækt, nýsköpun og matvælaframleiðslu.
- Mikilvægt er að tryggja öfluga innviði til framtíðar. Jafnframt viljum við nýta tækifæri í orkuframleiðslu og orkunýtingu á ábyrgan og sjálfbæran hátt.
- Áhersla verður á að opinber störf haldist í sveitarfélaginu og að þjónusta ríkisins sé sem næst íbúum.

Menningarstarfsemi

- Sveitarstjórn mun styðja við söfn og menningarstofnanir innan sveitarfélagsins og kannaður verði grundvöllur þess að þróa starfsemi með það að markmiði að ná fram hagkvæmni í rekstri og frekari sérhæfingu starfsmanna. Leitast verði við að tryggja nægt fé til markaðssetningar.
- Áfram verði unnið með menningarstefnu Múlapings og aðgerðaráætlun verði í sífelldri mótun.

- Lokið skal við uppbyggingu og standsetningu á Safnahúsinu og aðbúnaður bættur í Sláturhúsinu.
- Áfram verður unnið að því að bókasöfnin gegni mikilvægu hlutverki sem lifandi samfélagsmiðjur.
- Finna þarf Ríkharðssafni varanlegt húsnæði og tryggja áframhaldandi stuðning við starfsemi Tækniminjasafns Austurlands og Skaftfell.

Hagsmunabarátta Múlaþings

Þrýst verður á ríkisvaldið varðandi eftirfarandi hagsmunamál:

- Áfram verður þrýst á nauðsynlegar samgöngubætur innan sveitarfélagsins svo sem Fjarðarheiðargöng og Öxi. Einnig verði áfram þrýst á framkvæmdir við Lagarfliótsbrú og brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Áfram verður áhersla á að sækja fjármuni frá ríkinu til uppbyggingar og viðhalds hafnarmannvirkja.
- Áfram verði þrýst á aukið fjármagn til Vegagerðarinnar til uppbyggingar og viðhalds vega og heimreiða í dreifbýli innan sveitarfélagsins.
- Áfram verði þrýst á aukið fjármagn til Vegagerðarinnar til eflingar vetrarþjónustu í dreifbýli þannig að tryggja megi eðlilegt aðgengi íbúa dreifbýlis að vinnu og skóla allt árið um kring. Sérstök áhersla verður lögð á vetraropnun alla daga vikunnar á Borgarfjarðarvegi, að Öxi verði færð af G-reglu Vegagerðarinnar.
- Unnið verður með Isavia og ríkisvaldinu að uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar þannig að hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hans sem fyrsta varaflugvallar Keflavíkurflugvallar. Jafnframt verði hugað að framtíðarmöguleikum vallarins varðandi vöruflutninga og millilandaflug.
- Við munum áfram berjast fyrir hagsmunum Austurlands með skýrri byggðastefnu að leiðarljósi. Þar vegur þungt að jafna flutningskostnað á raforku, bæta afhendingaröryggi og klára þrífösun rafmagns. Standa þarf vörð um að opinber störf og þjónusta hverfi ekki af svæðinu. Jafnframt verður þrýst á að jöfnun atkvæða bitni ekki á landsbyggðinni.
- Áhersla verður lögð á að sveitarfélög hafi áfram skipulags- og byggingarvald og að þau fái eðlilegan stuðning til innviðauppgyggingar, meðal annars með endurgreiðslu virðisaukaskatts. Einnig verður þrýst á afnám undanþágu fasteignaskatta af orkumannvirkjum og að frumvarp um lagareldi verði afgreitt samhliða því að Fiskeldissjóður verði lagður niður.
- Við munum beita okkur fyrir áframhaldandi stuðningi við Loftbrúna. Þrýst verður áfram á ISAVIA um að víkka tímaramma gjaldtöku á bílastæði Egilsstaðaflugvallar.
- Mikilvægt er að ríkið komi meira til móts við ferðakostnað barna og ungmenna vegna æfinga- og keppnisferða í íþróttum.
- Áhersla verður lögð á að tryggja fulla fjármögnun í málefnum aldraðra, fatlaðs fólks og grunnskóla, auk þess að efla heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Þar verður sérstaklega unnið að aukinni geðheilbrigðisþjónustu með markvissum aðgerðum til að styrkja mönnun og skapa raunverulega hvata til að laða að fagfólk svo sem með aðgerðum á byggðaáætlun.

- Jafnframt verður barist fyrir fjölgun hvíldar- og sjúkrarýma og áframhaldandi öflugri bráðþjónustu á HSA Egilsstöðum svo íbúar svæðisins hafi aðgang að öruggri og öflugri heilbrigðisþjónustu nærri heimabyggð.
- Áhersla verður lögð á öflugt samstarf við Menntaskólann á Egilsstöðum og háskóla landsins. Einnig er mikilvægt að auka enn frekar aðgengi að iðn- og starfsnámi til eflingar atvinnulífsins.

Lögð verður áhersla á að Múlaþing veiti opinberum stofnunum aðhald með það að markmiði að íbúar þess njóti viðunandi þjónustu, kjara og möguleika varðandi t.d. menntun, heilbrigðisþjónustu, samgöngur, orku, fjarskipti og löggæslu.

D- listi Sjálfstæðisflokks og B- listi Framsóknarflokks í Múlaþingi á Austurlandi eru sammála um að leita eftir samningum við Dagmar Ýr Stefánsdóttur, fráfarandi sveitarstjóra Múlaþings um að hún taki að sér starf sveitarstjóra á kjörtímabilinu.

Ábyrgð kjörinna fulltrúa í Múlaþingi er mikil þegar kemur að því að móta hefðir og venjur í tengslum við nýjungar í stjórnskipulagi þess. Fulltrúar B- og D-lista leggja ríka áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu og samstarfs innan nýrrar sveitarstjórnar og leitast því við að vinna í þeim anda með fulltrúum allra framboða, Múlaþingi til heilla.

Múlaþing, 27. maí 2026

Berglind Harpa Svavarsdóttir,
oddviti D lista

Jónína Brynjólfssdóttir
oddviti B lista

Tilnefningar í nefndir og embætti

D-listi tilnefnir í eftirfarandi:

Fyrsta varaforseta sveitarstjórnar, í byggðaráð: formann og einn fulltrúa, í fjölskylduráð: varaformann og einn fulltrúa, í umhverfis- og framkvæmdaráð: formann og tvo fulltrúa, í stjórn HEF veitna: formann og einn fulltrúa, í stjórn SSA: einn varafulltrúa, í heimastjórn Seyðisfjarðar: formann og varaformann.

B-listi tilnefnir í eftirfarandi:

Forseti sveitarstjórnar, í byggðaráð: varaformann, í fjölskylduráð: formann og tvo fulltrúa, í umhverfis- og framkvæmdaráð: varaformann og einn fulltrúa, í stjórn HEF veitna: varaformann, í stjórn SSA einn fulltrúa, í heimastjórn Djúpavogs: formann og varaformann, í heimastjórn Fljótsdalshéraðs: formann og varaformann.

Fulltrúar D- og B-lista sammælast einnig um eftirfarandi:

Að formaður heimastjórnar á Fljótsdalshéraði verði fulltrúi í svæðisráði austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Að óska eftir því að aðrir listar sem fulltrúa eiga í sveitarstjórn geri með sér samkomulag um að tilnefna í eftirfarandi:

Annan varaforseta sveitarstjórnar, skrifara og varaskrifara, 1 aðalfulltrúa og 1 varafulltrúa í stjórn SSA, í heimastjórn Borgarfjarðar: formann og varaformann, varamann í stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga, varamann í stjórn Náttúrustofu Austurlands, í svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs fulltrúa og varafulltrúa.